

Nefndarálit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon og Írisi Lind Sæmundsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Ómar Þór Eyjólfsson frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2008, frá 4. júlí 2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB frá 5. september 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 92/49/EBE og tilskipunum 2002/83/EB, 2004/39/EB, 2005/68/EB og 2006/48/EB að því er varðar reglur um málsmeðferð og viðmiðanir vegna varfærismats við yfirtökur og aukningu eignarhlutdeildar í fjármálageiranum.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB inniheldur tæknileg ákvæði er varða virka eignarhluti í lánastofnunum, váttryggingafélögum og fjármálafyrirtækjum með leyfi til verðbréfavíðskipta. Helstu breytingarnar sem hún mælir fyrir um eru eftirfarandi:

- Breyting á skilgreiningu hugtaksins virkur eignarhlutur (e. *qualifying holding*).
- Ekki er lengur gert ráð fyrir umsókn um samþykki fyrir því að mega eignast eða fara með virkan eignarhlut.
- Nákvæmari reglur um viðbrögð lögbærs stjórnvalds við tilkynningu aðila um að hann hyggist eignast eða auka við virkan eignarhlut, svo sem um tímafresti.
- Reglur um framkvæmd mats lögbærs stjórnvalds á hæfi þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut. Upptalning viðmiða sem hafa skal hliðsjón af við slíkt hæfismat.
- Lögbært yfirvald getur sett sig upp á móti kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut á grundvelli tæmandi viðmiða. Ef þau gera ekki athugasemd innan tiltekins tímafrests öðlast viðkomandi sjálfkrafa rétt til að fara með hlutinn.

Innleiðing tilskipunar 2007/44/EB kallar á tilteknar breytingar á ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi og á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi og frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki hafa þegar verið lögð fram á Alþingi og tekin til fyrstu umræðu og eru til meðferðar hjá viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 18. mars 2010.

Árni Þór Sigurðsson,
form., frsm.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Helgi Hjörvar.

Valgerður Bjarnadóttir.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Ögmundur Jónasson.